



# Ársskýrsla

2017

## Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið gekk í gegnum miklar breytingar árið 2017. Ráðuneytið var stofnað 1. maí 2017 eftir að innanríkisráðuneyti var skipt upp í dómsmálaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Tvönn ríkisstjórnarskipti voru á árinu, fyrst í janúar og svo aftur í desember. Ákveðnar breytingar voru einnig gerðar á stjórnarmálefnum ráðuneytisins með því að málefni Þjóðskrár Íslands og öll byggðamál fluttust til ráðuneytisins auk þess sem verkefni íslenska upplýsingasamfélagsins færðust frá ráðuneytinu.

Með stofnun samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis var markmiðið að koma á fót sterkri einingu sem væri betur í stakk búin til að þjóna almenningi og atvinnulífinu í þeim málaflokkum sem undir ráðuneytið heyra. Með öflugum ráðuneyti er hægt að tryggja góða grunnþjónustu og skapa getu til að leysa flókin og vaxandi stjórnsýsluviðfangsefni. Með þetta að leiðarljósi hefur verið unnið að uppbyggingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Strax og ég tók við embætti í desember hófst undirbúningur þess að áherslur stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kæmu til framkvæmda. Meðal þess sem var fyrst á dagskrá

var að hraða uppbyggingu í vegamálum og samgönguinnviðum, bæði með nýframkvæmdum og viðhaldi en einnig fara í auknar öryggisaðgerðir til að efla umferðaröryggi. Lagður var grunnur að þessum áherslum í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2018 þar sem veruleg ígjöf kom í samgöngumál og hækkuðu framlög í málaflokknum um ríflega 3 ma.kr. milli ára. Þá var einnig meðal forgangsverkefna að undirbúa samráð við sveitarfélögin um verkefni þeirra og fjárhagsleg samskipti og að ljúka við gerð byggðaaætlunar 2018-2024.

Vel heppnaðar skipulagsbreytingar sem ráðuneytið hefur gengið í gegnum eru góður grunnur fyrir stór og metnaðarfull verkefni á sviði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins á næstu misserum.

Sigurður Ingi Jóhannsson  
*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra*

Bent er á að ársskýrslur ráðherra eru birtar með fyrirvara þar sem ríkisreikningur ársins lá ekki fyrir við gerð þeirra. Mögulegt er að fjárhæðir muni breytast lítillega við lokafrágang ríkisreiknings og verða skýrslurnar uppfærðar eftir því sem við á.

Í ársskýrslum ráðherra eru niðurstöður sýndar sem gjöld að frádregnum rekstrartekjum. Hins vegar eru uppgjörstölur í frumvarpi til fjárlaga birtar með þeim hætti að afskriftir ársins eru dregnar frá útgjöldum málefna sviða og málaflokka og fjárfestingum ársins bætt við, en með því fæst skýrari samanburður við fjárheimildir samkvæmt fjárlögum.

## 2. Samantekt um starfsemi ráðuneytis

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið var stofnað 1. maí 2017 og hafa samgöngu- og sveitarstjórnarráðherrar verið tveir á starfstímanum. Innanríkisráðuneytið var starfrækt til 1. maí 2017 en frá áramótum störfuðu þeir ráðherrar í ráðuneytinu. Ólöf Nordal gegndi starfinu fram að ríkisstjórnarskiptum 11. janúar. Jón Gunnarsson tók við embætti samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og gegndi því fram að ríkisstjórnarskiptum 1. desember en þá tók Sigurður Ingi Jóhannsson við embættinu. Sigríður Andersen var í embætti dómsmálaráðherra frá 11. janúar. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og dómsmálaráðuneytið munu því í þetta sinn greina sameiginlega frá starfsemi aðalskrifstofu innanríkisráðuneytisins og annarra sameiginlegra liða á málefnasviðinu.

Hlutverk ráðuneytisins er að vera traust, leiðandi og framsækið stjórnvald með ábyrgð á samgöngu- og fjarskiptamálum, sveitarstjórnar- og byggðamálum, almannaskráningu og lögheimilum ásamt fasteignaskrá og fasteignamati. Framtíðarsýn ráðuneytisins er:

*„Ísland er í fremstu röð með trausta og örugga innviði, framsækna þjónustu, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og jöfn tækifæri landsmanna. Tækni tengir byggðir og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið.“*

Hjá ráðuneytinu störfuðu frá 1. maí 2017 39 starfsmenn á 4 skrifstofum ásamt yfirstjórn. Stofnanir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins eru 6 talsins og hlutafélög sem tengjast ábyrgðarsviðum ráðuneytisins eru tvö. Þá heyr

tveir sjóðir undir ráðuneytið, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og fjarskiptasjóður. Stjórnarmálefni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis skiptast milli 9 málaflokka á 5 málefnasviðum en þau eru:

- Málefnasvið 6, Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál
- Málefnasvið 8, Sveitarfélög og byggðamál
- Málefnasvið 10, Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla innanríkismála
- Málefnasvið 11, Samgöngu- og fjarskiptamál
- Málefnasvið 29, Fjölskyldumál


Síðastnefnda málefnasviðið er á forræði velferðarráðuneytis en einn fjárlagaliður, meðlög skv. lögum nr. 76/2003, er á forræði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Um er að ræða svokallaðan gegnumstreymislið sem ráðuneytið hefur litla aðkomu að og verður því ekki umfjöllun um það svið.

Að lokum má nefna að aðalskrifstofur dómsmálaráðuneytisins og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins voru reknar á sama fjárlagalið eftir uppskiptingu 1. maí og út fjárlagaárið í samræmi við fjárlög. Þessir liðir varða rekstur aðalskrifstofu, fastanefndir og ýmis verkefni.

Stefna og aðgerðaáætlanir hafa verið mótaðar á sviði samgangna, fjarskipta og byggðamála og hafin hefur verið vinna við stefnu og aðgerðaáætlun á málefnasviði 6.

### Mynd 1

### Raunútgjöld málefnasviða sem heyrja að hluta til eða í heild undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið



#### Raunútgjöld málefnasviða (m.kr.) Rekstrarútgjöld og fjárfestingar

■ Grunnskrár og upplýsingamál	1.019,5
■ Sveitarfélög og byggðamál	20.448,4
■ Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla innanríkismála	1.317,2
■ Samgöngu- og fjarskiptamál	35.591,8
■ Fjölskyldumál	297,0

**Fyrirvari:** Skýrsla þessi er gerð skv. 62. gr. laga um opinber fjármál 123/2015 þar sem gera skal m.a. grein fyrir niðurstöðum útgjalda innan málefnasviða og málaflokka og þau borin saman við fjárheimildir fjárlaga. Auk þess skal meta ávinning af

ráðstöfun fjárveitinga með tilliti til settra markmiða og aðgerða. Skýrslan er því í raun uppgjör á fjárlögum fyrra árs. Þar sem ríkisreikningur liggur ekki fyrir eru tölurnar í uppgjörinu einungis bráðabirgðatölur.

### 3. Málefнасvið

Eins og áður hefur komið fram heyrðu verkefni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins undir alls fimm málefnasvið á árinu 2017. Um er að ræða „06 Grunnskrár og upplýsingamál“, „08 Sveitarfélög og byggðamál“, „10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnýsla innanríkismála“, „11 Samgöngu- og fjarskiptamál“ og „29 Fjölskyldumál“.

Þrátt fyrir að innanríkisráðuneytinu hafi verið skipt upp í tvö ráðuneyti þann 1. maí, þ.e. í dómsmálaráðuneyti annars vegar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti hins vegar, voru bæði ráðuneytin rekin á sama ráðuneytisnúmeri til ársloka 2017 í samræmi við fjárlög ársins. Kostnaði var því ekki skipt upp á milli ráðuneytanna. Blandaðir útgjaldaliðir koma fram á málefnasviði 10 undir málaflokkunum 10.1 Réttindi einstaklinga og 10.4 Stjórnýsla innanríkismála. Þau heildarfrávik sem hér er fjallað um í útgjöldum málefnasviðs 10 í samanburði við fjárveitingar eiga einungis við um framangreinda tvo málaflokka að því leyti sem þeir skarast hjá ráðuneytunum.

**Starfsemi á málefnasviði 6** er á ábyrgð fjögurra ráðherra; samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra. Undir sviðið heyrir einn málaflokkur sem ber heitið Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál.

Á málefnasviðinu eru þrjár stofnanir og einn verkefna-liður, þ.e. Þjóðskrá Íslands sem heyrir undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Hagstofa Íslands heyrir undir forsætisráðherra, Landmælingar Íslands heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðherra og málefni upplýsingasamfélagsins heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra frá 30. nóvember 2017. Með forsetaúrskurði 30. nóvember 2017 voru gerðar breytingar á málefnasviðinu þegar málefni upplýsingasamfélagsins voru flutt frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti yfir til fjármála- og efnahagsráðuneytis og málefni Hagstofunnar fluttust frá fjármála- og efnahagsráðuneyti til forsætisráðuneytis. Þeim málefnum sem eru á hendi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra er sinnt af Þjóðskrá Íslands, en þau eru nánar tiltekið:

- Miðlun upplýsinga og rekstur á grunnskram um mikilvæg réttindi.
- Rafrænar lausnir, netöryggi, upplýsinga- og þjónustuveitur og útgáfa skilríkja.

Fjárveiting úr ríkissjóði á málefnasviði 06 nam alls 1.061 m.kr. á árinu 2017. Útgjöld ársins að frádregnum sértekjum og öðrum rekstrartekjum voru hins vegar 1.020 m.kr. Útgjöld málefnasviðsins voru þannig 41 m.kr. lægri en fjárveitingin, eða sem nemur 3,9%.

**Starfsemi á málefnasviði 8** er á ábyrgð tveggja ráðherra; samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra. Skiptist málefnasviðið í tvo málaflokka, en þeir eru:

- Framlög til sveitarfélaga.
- Byggðamál.

Undir málefnasviðið fellur starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Byggðastofnunar, byggðaáætlunar og sóknaráætla landshluta, jöfnunarsjóðs flutningskostnaðar og flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara, en þessir málaflokkar eru á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Skipulagsmál sveitarfélaga heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðherra.

Útgjöld á málefnasviði 08 námu 20.488 m.kr. og voru 142 m.kr. eða 0,7% umfram fjárveitingu ársins.

**Starfsemi á málefnasviði 10** var á forræði tveggja ráðherra, þ.e. dómsmálaráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, á árinu 2017. Málefnasviðið skiptist í fjóra málaflokka, en þeir eru:

- Réttindi einstaklinga.
- Trúmál.
- Sýslumenn.
- Stjórnýsla innanríkismála.

Undir málefnasviðið fellur starfsemi Útlendingastofnunar, sýslumanna, Persónuverndar, Þjóðkirkjunnar, kirkjumálasjóðs, kristnisjóðs og kirkjugarða. Einnig fellur undir málefnasviðið úthlutun sóknargjalda til safnaða Þjóðkirkjunnar, skráðra lífsskoðunar- og trúfélaga. Einnig fellur hér undir rekstur aðalskrifstofu innanríkisráðuneytisins, fastanefndir, Stjórnartíðindi, kosningar, Schengen-landamærasjóður og ýmis verkefni. Þeir liðir sem heyrir að hluta undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra eru liðir er varða aðalskrifstofu innanríkisráðuneytisins, fastanefndir og ýmis verkefni. Önnur verkefni heyrir undir dómsmálaráðherra.

Útgjöld málefnasviðs 10 námu 1.317 m.kr. (málaflokkar 10.1 og 10.4) og voru 31 m.kr. eða 2,3% lægri en fjárveiting úr ríkissjóði.

**Starfsemi á málefnasviði 11** er á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og skiptist í þrjá málaflokka, en þeir eru:

- Samgöngur.
- Fjarskipti og póstmál.
- Stjórnýsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.

Stofnanir samgöngumála eru Samgöngustofa, Vegagerðin og Rannsóknarnefnd samgönguslysa. Að auki vinnur opinbera hlutafélagið Isavia náið með samgönguyfirvöldum.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála og starfrækir netöryggissveitina CERT-IS. Íslandspóstur hf. sinnir alþjónustu í pósti á Íslandi og starfar samkvæmt skuldbindingum í alþjóðasamningum. Fjarskiptasjóður styrkir uppbyggingu fjarskiptainviða utan markaðssvæða.

**Á málefnasviði 11** námu útgjöld alls 35.592 m.kr. og voru 92 m.kr. eða 0,3% umfram fjárveitingu. Málefnasviðið átti á hinn bóginn ónýttar fjárveitingar frá árinu 2016 að fjárhæð 2.718 m.kr. og var staðan því jákvæð í árslok.

Að lokum voru útgjöld málefnaáviðs 29, sem inniheldur einn fjárlagalið á forræði ráðuneytisins, þ.e. 06-848 meðlög skv. lögum nr. 76/2003, um 18 m.kr. umfram fjárveitingu eða sem nemur 6,6% hlutfallslega. Þess má geta að liðurinn var um 28 m.kr. undir fjárheimild í árslok 2016, en venju samkvæmt var staða fjárheimildar felld niður um áramót.

Eins og sjá má í töflunni segja frávik frá fjárlögum ársins ekki alla söguna við samanburð rauntalna og fjárveitinga

Því fjögur af fimm málefnaáviðum ráðuneytisins áttu ónýttar fjárveitingar frá árinu 2016 sem fluttust yfir árið 2017. Að teknu tilliti til þessa var einungis eitt málefnaávið yfir fjárheimild, þ.e. 29 Fjölskyldumál, en eins og að framan greinir var jákvæð árslokastaða í árslok 2016 felld niður venju samkvæmt. Nánar er fjallað um frávik einstakra málaflokka og fjárlagaliða sem heyrja undir framangreind málefnaávið í kafla 4.

**Tafla 1**

## Frávik frá fjárlögum til rauntalna fyrir málefnaávið sundurliðað niður á málaflokka

Málaflokkar	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Upp-safnað frávik	Frávik %
<b>06 Grunnskrár og upplýsingamál</b>	<b>1.020</b>	<b>1.061</b>	<b>-41</b>	<b>-3,9%</b>	<b>78</b>	<b>-119</b>	<b>-11%</b>
0610 - Grunnskrár og upplýsingamál	1.020	1.061	-41	-3,9%	78	-119	-11%
<b>08 Sveitarfélög og byggðamál</b>	<b>20.448</b>	<b>20.306</b>	<b>142</b>	<b>0,7%</b>	<b>222</b>	<b>-79</b>	<b>0%</b>
0810 - Framlög til sveitarfélaga	18.523	18.405	118	0,6%	0	118	1%
0820 - Byggðamál	1.925	1.901	25	1,3%	222	-197	-10%
<b>10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla innanríkismála</b>	<b>1.317</b>	<b>1.348</b>	<b>-31</b>	<b>-2,3%</b>	<b>28</b>	<b>-59</b>	<b>-4%</b>
1010 - Réttindi einstaklinga (fastanefndir)	153	163	-10	-6,0%	14	-24	-13%
1040 - Stjórnsýsla innanríkismála	1.164	1.185	-21	-1,8%	14	-35	-3%
<b>11 Samgöngu- og fjarskiptamál</b>	<b>35.592</b>	<b>35.500</b>	<b>92</b>	<b>0,3%</b>	<b>2.718</b>	<b>-2.626</b>	<b>-7%</b>
1110 - Samgöngur	34.271	34.102	168	0,5%	2.455	-2.287	-6%
1120 - Fjarskipti	1.321	1.398	-76	-5,5%	263	-339	-20%
<b>29 Fjölskyldumál</b>	<b>297</b>	<b>279</b>	<b>18</b>	<b>6,6%</b>	<b>0</b>	<b>18</b>	<b>7%</b>
2940 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	297	279	18	6,6%	0	18	7%
	58.673,9	58.493,1	180,8	0,3%	3.045,3	-2.864,4	-4,7%

## 4. Málaflokkar

Einn málaflokkur heyrir undir málefnaávið 06 en það er 6.1 Grunnskrár og upplýsingamál. Málaflokkurinn var 41 m.kr. eða 3,9% lægri en fjárveiting ársins. Fráviknið má að stærstum hluta rekja til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins, en útgjöld vegna skuldbundinna verkefna voru nokkuð minni en ráð var fyrir gert á árinu 2017. Þá var rekstur Þjóðskrár Íslands lítillaga undir áætlun fjárlaga.

Á málefnaáviði 08 eru tveir málaflokkar, þ.e. 8.1 Framlög til sveitarfélaga og 8.2 Byggðamál. Síðari málaflokkurinn var um 24,6 m.kr. umfram fjárveitingu sem skýrist einkum af því að framlög vegna byggða- og sóknaráætlana voru ívið meiri en samkvæmt fjárlögum. Fjárlagaliðurinn átti hins vegar ónotaðar fjárheimildir frá árinu 2016 til að mæta því frávikni.

Eins og áður hefur komið fram heyrðu málaflokkarnir 10.1 Réttindi einstaklinga og 10.4 Stjórnsýsla innanríkismála undir verkefni tveggja ráðuneyta á síðasta ári og var um að ræða óskipta liði er varða aðalskrifstofu innanríkisráðuneytisins, fastanefndir og ýmis verkefni. Útgjöld beggja málaflokkanna voru lægri en fjárveiting ársins eins og sjá má í töflunni.

Undir málefnaávið 11 heyrja 11.1 Samgöngur og 11.2 Fjarskipti. Útgjöld vegna málaflokks 11.1 námu 34.271 m.kr. sem er um 168 m.kr. eða 0,5% umfram fjárveitingu ársins. Rekstur Vegagerðarinnar var lítillaga umfram fjárveitingu, en stofnunin átti hins vegar liðlega 2 ma.kr. jákvæðan höfuðstól frá árinu 2016 sem fluttist yfir á árið 2017. Þá var kostnaður vegna hafnarframkvæmda nokkuð meiri en ráð var fyrir gert, en það frávik jafnast með sama hætti út vegna ónýttar fjárveitinga frá árinu 2016. Hrein útgjöld málaflokks 11.2 voru 76 m.kr. eða 5,5% undir fjárheimild. Fráviknið skýrist af því að skuldbundin útgjöld vegna fjarskiptasjóðs fluttust á milli ára. Undir málefnaávið 29 heyrir eins og áður hefur komið fram einungis einn fjárlagaliður og hefur áður verið fjallað um frávik á liðnum í kafla 3.

## 4.1 Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna

Umfjöllunin hér á eftir er kaflaskipt eftir málaflokkum á þeim málefnaviðum sem eru á forræði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Stöðumat er birt og þau verkefni tíunduð sem helst stuðluðu að framgangi

viðkomandi markmiða á árinu.

Árangursmælingar markmiða sýna viðmið fyrir 2017 og raun niðurstöðu í árslok 2017. Einnig er sýnd þróun mælinga frá 2015 til samanburðar.

### Litakvarði

Notaður er litakvarði til að sýna stöðu aðgerðar eða aðgerðahluta og hér fyrir neðan má sjá viðbótarskýringartexta.

### Um þróun markmiða og mælikvarða

Ákveðnar breytingar urðu á mælikvörðum milli fjármálaáætlunar 2018-2022 og fjármálaáætlunar 2019-2023 þar sem markmið og mælikvarðar eru í sífelldri þróun og áherslu geta breyst milli ríkisstjórna. Gerð er grein fyrir breytingunum í viðkomandi fjármálaáætlun.

### Staða í árslok 2017 – 5 bila kvarði

Aðgerð/aðgerðarhluta lokið
Aðgerð/aðgerðarhluti komin(n) vel á veg
Aðgerð hafin
Undirbúningur hafinn
Aðgerð ekki hafin

## 06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Í fjárlögum fyrir árið 2017 voru skilgreind fimm markmið fyrir málaflokk 06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál. Eftirfarandi markmið málaflokksins snúa að verkefnum ráðuneytisins og stofnana:

### 1. Auka sjálfsafgreiðslu.

Þar sem kerfi safna saman upplýsingum úr jafnvel mörgum skráum til að flýta fyrir. Gæði og hagkvæmni þeirrar grunnþjónustu sem byggir á grunnskram ríkisins, s.s. þjónustu sem tengist þjóðskrá, fasteignaskrá, útgáfu vegabréfa og landupplýsingum. Um leið verði stefnt að lækkun kostnaðar og auknu öryggi.

### 2. Grunn gögn verði skilgreind og safnað á upprunastað og skráð eingöngu einu sinni.

Gögnin verði samnýtt milli kerfa eins og lög heimila. Allar opinberar skrár verði byggðar upp og reknar með það að leiðar-

ljósi að sjálfsafgreiðsla verði meginregla, þörfum mismunandi notenda verði mætt, öryggi upplýsinga og kerfa verði tryggt og rutt verði úr vegi lagalegum hindrunum. Hægt verði að nálgast gögn/upplýsingar, sækja rafræna opinbera þjónustu og sinna skráningu í ólíkar stjórnvaldsskrár á einum stað.

### 3. Nýta upplýsingatækni og netið til að styrkja lýðræði, stuðla að betri ákvarðanatöku, auka gagnsæi og auðvelda almenningsi og hagsmunaaðilum aðkomu að ákvarðanatökufærlum stjórnvalda.

### 4. Koma á samræmdu skipulagi upplýsingakerfa og gæta að persónuverndarsjónarmiðum og tíðari glæpum á netinu.

## Stöðumat markmiða fyrir málaflokk 06.10

Þegar litið er til markmiðanna og mælikvarðanna í heild má sjá að verulegur árangur náðist á ýmsum sviðum, s.s. varðandi markmið um að auka sjálfsafgreiðslu, en mikil aukning varð á árinu á rafrænum tilkynningum einstaklinga í þjóðskrá og útsendum rafrænum bréfum frá Þjóðskrá Íslands. Þá varð mikil aukning á rafrænum auðkenningum inn á Ísland.is sem þýðir

verulega aukna notkun á síðunni sem hefur orðið jafnvel meiri en vonir stóðu til. Stór áfangi náðist í skráningu upplýsinga um fjölskylduvensl o.fl. sem birtist í opinberu vefgáttinni www.island.is. Þegar verkefninu lýkur að fullu hefur það þá þýðingu að öll umsýsla forsýraraðila getur verið auðveldari þar sem til dæmis getur verið fljótlega að fá forsýrvottorð og fyrir

stofnanir að kanna vensl fyrir stofnanir. Meginmarkmið Ísland.is er að einstaklingar og fyrirtæki geti afgreitt erindi sín við stjórnslu ríkis og sveitarfélaga, hvenær sem er, hvar sem er og án tafar. Einnig geti einstaklingar og fyrirtæki fengið upplýsingar um sín mál og fylgst með stöðu þeirra. Því er mikilvægt að þjónustuveitendur/stofnanir nýti Ísland.is til að koma þjónustu sinni á framfæri.

Afar stór áfangi náðist í að vinna að markmiði um upplýsingatækni og netið til að styrkja lýðræði, stuðla að betri ákvarðanatöku, auka gegnsæi og auðvelda almenningi og hagsmunaaðilum aðkomu að ákvarðanatökufærum stjórnvalda. Lokið var við gerð samráðsgáttar fyrir ríki og sveitarfélög ([www.samradsgatt.island.is](http://www.samradsgatt.island.is)). Samráðsgáttin var mótud í þeim tilgangi að bæta frumvarpagerð, mótun reglugerða og opinberrar stefnu. Jafnframt tryggir samráðsgáttin aðkomu almennings

og hagsmunaaðila snemma í ferlinu. Þetta stuðlar að auknu gegnsæi og auðveldar aðkomu að ákvarðanatöku.

Unnið var að markmiði um að koma á samræmdu skipulagi upplýsingakerfa og gæta að persónuverndar-sjónarmiðum og tíðari glæpum á netinu með því að skoða möguleika á að nýta hugbúnað sem Eistar og Finnar nota til samskipta milli opinberra tölvukerfa, svokallað X-road. Einnig var lokið við einn áfanga í smíði nýs þjóðskrárkerfis og nauðsynlegum viðbótum í núverandi kerfi til að mæta auknum kröfum um skráningarform. Í netöryggismálum var m.a. samið við Oxford-háskóla um viðtæka úttekt á stöðu netöryggismála á Íslandi. Úttektin var framkvæmd á árinu 2017 og lauk henni með skýrslu þar sem, auk greiningar á stöðunni, má finna tillögur um eflingu netöryggis sem nýtt verður við stefnumótun og forgangsröðun verkefna.

## Markmið 1: Auka sjálfsafgreiðslu

Mælikvarðar	Raun 2015	Viðmið 2017	Árangur 2017
Hlutfall rafrænna tilkynninga einstaklinga í þjóðskrá	60% tilkynninga frá einstaklingum eru rafrænar	70% tilkynninga frá einstaklingum verði rafrænar	75% tilkynninga frá einstaklingum eru rafrænar, þ.e. meðaltal flutnings-, sambúðar-, trúfélaga- og nafnatilkynninga
Fjöldi tilkynningaskyldra aðila (alls um 150) skrái tilkynningar beint inn í þjóðskrárkerfið	Einn tilkynningaskyldur aðili skráir beint inn í þjóðskrárkerfið	80 tilkynningaskyldir skrá beint inn í þjóðskrárkerfið	41 tilkynningaskyldur aðili skráir beint inn í þjóðskrárkerfið, þ.e. 40 sveitarfélög og Þjóðkirkjan
Leyfisveitingagátt: Fjöldi leyfa sem boðið er upp á í gáttinni	0	3	1

### Aðgerðir sem styðja við markmið 1

#### Staða í árslok - 5 bíla kvarði

1. Undirbúa leyfisveitingagátt fyrir nýlega lagabreytingu á lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Tímabil 2016-2019.

Aðgerðahluta lokið

2. Sjálfsafgreiðsla: Áframhaldandi fjölgun umsókna, beiðna og pantana sem hægt er að skila inn rafrænt, jafnvel undirrita rafrænt og fylgjast með málsmeðferð. Tilkynninga-skyldir aðilar skrái tilkynningar beint inn í þjóðskrárkerfið. Tímabil 2016-2019.

Aðgerðahluta lokið

### Nánar um aðgerðir sem styðja við markmið 1

- Leyfisveitingagátt innleidd fyrir heimastileyfi. Komin er frumgerð af henni fyrir gististaði.
- Fjölgun var í öllum rafrænum skilum. Um 77% allra eyðublaða eru rafræn.

## Markmið 2: Grunn gögn verði skilgreind og safnað á uppruna- stað og skráð eingöngu einu sinni

Mælikvarðar	Raun 2015	Viðmið 2017	Árangur 2017
Fjöldi gagnapakka frá stofnunum og sveitarfélögum sem eru aðgengilegir og gjaldfrjálssir í gáttinni opingogn.is	30 gagnapakkar eru í gáttinni opingogn.is	60 gagnapakkar verða í gáttinni	45 gagnapakkar eru í gáttinni
Ísland.is: Fjöldi rafræna auðkenninga í auðkenningaþjónustu	Fjöldi auðkenninga var 3,3 m.kr.	Fjöldi auðkenninga verði 4 m.kr.	Fjöldi auðkenninga varð 5,5 m.kr.
Fjöldi þjónustuveitenda í rafrænu pósthólfi	Fjöldi þjónustuveitenda var 4	Fjöldi þjónustuveitenda í pósthólfi verði 8	Fjöldi þjónustuveitenda er enn 4, tegundum skjala hefur fjölgað og magn hefur aukist
Fjöldi útsendra bréfa frá ÞÍ. Rafrænar tilkynningar á Ísland.is í staðinn	Fjöldi útsendra bréfa var 90 þús.kr. <sup>1</sup>	Fjöldi útsendra bréfa verði 80 þús.kr.	Fjöldi útsendra bréfa var 100 þús.kr.

### Aðgerðir sem styðja við markmið 2

### Staða í árslok - 5 bila kvarði

**1. Opin gögn:** Fjölga gagnapökkum í gáttinni opingogn.is, ráðgjöf og aðstoð fyrir stofnanir og sveitarfélög. Endurbætur á miðlun og niðurhali landupplýsinga.

Aðgerð hafin

**2. Ísland.is:** Áframhaldandi þróun og rekstur auðkenningarþjónustunnar Ísland.is, mínum síðum og pósthólfi. Meðal annars verði útgefin vottorð úr Þjóðskrá rafrænt undirrituð og renni í pósthólfið á Ísland.is. Tímabil 2017-2021.

Aðgerð komin vel á veg

### Nánar um aðgerðir sem styðja við markmið 2

1. Landeignaskrá frá Þjóðskrá Íslands sett inn á opingogn.is. Ýmis gögn frá Þjóðskrá Íslands tengd alþingiskosningum voru sett inn á opingogn.is.

2. Þróun á öllum þáttum í gangi. Vottorð og tilkynningar úr fasteignaskrá birt í pósthólfi á Ísland.is. Undirbúningi að birtingu rafræna vottorða úr Þjóðskrá nær lokið.

<sup>1</sup>Viðmiðið var leiðrétt, var áður fjöldi útsendra bréfa alls 46.000 árið 2015 og 2017 var þá viðmiðið að fjöldi útsendra bréfa yrði 38.400.



### Markmið 3: Nýta upplýsingatækni og netið til að styrkja lýðræði, stuðla að betri ákvarðanatöku, auka gegnsæi og auðvelda almenningi og hagsmunaaðilum aðkomu að ákvarðanatökufærlum stjórnvalda

Mælikvarðar	Raun 2015	Viðmið 2017	Árangur 2017
Hlutfall af frumvörpum, reglugerðum, og stefnuskjölum sem fara í opið samráð í samráðsgátt	Miðlæg samráðsgátt er ekki til og takmarkað opið samráð á netinu	40% af stjórnarfrumvörpum í opnu samráði í samráðsgátt	Gerð samráðsgáttar lokið. Kennslu og þjálfun lokið. Innleiðing hafin, en formleg opnun varð 4. febrúar 2018
Fjöldi rafræna íbúakosninga í tilraunaskyni	2	3	0
Rafræn yfirferð meðmælendalista og rafræn kjörskrá notuð í kosningum	0	Tilbúið til notkunar ef kosningar/þjóðar- atkvæðagreiðslur verða	Rafræn yfirferð meðmælendalista í forsetakosningum 2016, Alþ.kosningum 2016 og 2017. Rafræn kjörskrá var ekki notuð

#### Aðgerðir sem styðja við markmið 3

#### Staða í árslok - 5 bíla kvarði

1. Þróun **samráðsgáttar** fyrir umsagnir við drög að frumvörpum, reglugerðum og stefnuskjölum. Tímabil 2016-2019.

Aðgerð lokið

2. Rafrænar íbúakosningar: Tilraunaverkefni um **rafrænar íbúakosningar** hjá sveitarfélögum. Tímabil 2016-2017.

Aðgerðahluti ekki hafinn

3. Lýðræðisverkefni og kosningar: Áframhaldandi þróun á kerfum fyrir meðmælendalista og aðra undirskriftalista. **Þróun kerfis** fyrir rafræna kjörskrá til notkunar í kjördeildum. Tímabil 2016-2021.

Aðgerð lokið

#### Nánar um aðgerðir sem styðja við markmið 3

1. Samráðsgátt tilbúin og var hún opnuð formlega í febrúar 2018. Kennslu, þjálfun og innleiðingu lokið.

2. Tvennar kosningar voru haldnar 2015 en engar árið 2017 og skýrist það af því að sveitarfélög nýttu ekki þennan möguleika.

3. Gerð tölvukerfa fyrir meðmælendalista og undirskriftalista lokið. Gerð frumkerfis fyrir rafræna kjörskrá er lokið en ekki fékkst leyfi til að prófa hana.

## Markmið 4: Koma á samræmdu skipulagi upplýsingakerfa og gæta að persónuverndarsjónarmiðum og tíðari glæpum á netinu

Mælikvarðar	Raun 2015	Viðmið 2017	Árangur 2017
<b>Endurnýjun helstu grunnskráa ríkisins svo þær verði tæknilega og rekstrarlega færar um að mæta síbreytilegum nútímakröfum</b>	Undirbúningur fyrir nýtt kerfi vegabréfa	Innleiðing	Útboð framleiðslukerfis vegabréfa og nýrra vegabréfabóka fór fram á EES-svæðinu. Samningar gerðir
	Þjóðskrárkerfi mætir ekki nútímakröfum. Lögheimili einstaklinga eru m.a. ekki skráð á íbúð	Endurskoðun hafin á miðlun upplýsinga úr þjóðskrá. Undirbúningur fyrir nýtt heildarkerfi þjóðskrár. 50% einstaklinga verða skráðir í íbúðir	Greiningarskýrsla um miðlun gerð. Stefnu um miðlun með tíma- og aðgerðaáætlun hér um bil lokið. Umbætur á skráningarviðmóti þjóðskrár. Nýjar skráningarupplýsingar skráðar; fullt nafn, forsjá og fjölskylduvensl og birt á Mínum síðum á Ísland.is. Undirbúningur skráningar lögheimilis niður á íbúðir kominn vel á veg
<b>Viðbúnaður vegna vaxandi netglæpa</b>	Úttekt á gæðum og öryggi opinberra vefja framkvæmd 2015	Könnun á öryggi upplýsinga, kerfa og neta lokið. Námskeið, fræðsluefni, kröfur og viðmið fyrir opinber kerfi kynnt og aðstoð í boði 2016-2017	Öllum markmiðum var náð
	Undirbúningur fyrir könnun á öryggi upplýsinga, kerfa og neta hjá ríkisstofnunum og sveitarfélögum. Framkvæmd könnunar 2016	Úttekt á gæðum og öryggi opinberra vefja 2017	Úttektin var framkvæmd og kynnt, bæði niðurstöður í heild og gæði einstakra vefja ríkis og sveitarfélaga

### Aðgerðir sem styðja við markmið 4

### Staða í árslok - 5 bíla kvarði

1. Móta og innleiða skipulag og stefnu um **högun opinberra upplýsingakerfa** (Landsarkitektúr). Tímabil 2016-2021.

Aðgerð hafin

2. Kannanir, fræðsluefni, námskeið og ráðgjöf og tæknilegur búnaður varðandi **net- og upplýsingaöryggi** og persónuvernd. Tímabil 2016-2021.

Aðgerðahluta lokið

3. **Stefnumótun** fyrir málefnasviðið í heild, samstarfsvettangur og mótun fyrirmyndaforma og skjala sem nýtast öðrum málefnasviðum auk samhæfingar miðlægra upplýsingatækniverkefna. Tímabil 2017-2021.

Aðgerðahluta lokið

#### Nánar um aðgerðir sem styðja við markmið 4

1. Kannaðir voru möguleika á að Ísland nýti hugbúnað sem Eistar og Finnar nota til samskipta milli opinberra tölvukerfa (X-road).

2. Á árinu 2017 var framkvæmd úttekt á gæðum og öryggi opinberra vefja ríkisstofnana og sveitarfélaga. Í kjölfar úttektarinnar fengu ríkisstofnanir og sveitarfélög, hvert um sig, stutta skýrslu með ábendingum varðandi þá veikleika sem fundust. Haldnir voru kynningarfundir fyrir vefstjóra opinberra vefja. Útbúin hafa verið drög að samningsviðauka vegna upplýsingaöryggis, leiðbeiningar um gerð áhættumats og öryggisráðstafanir ásamt eyðublaði fyrir áhættumat. Þessi skjöl voru kynnt á ráðstefnu UT-dagsins og á vef ráðuneytanna.

3. Undirbúin var grænbók eða greiningarskýrsla fyrir málefnasviðið sem er undanfari stefnu.

## 08.10 Framlög til sveitarfélaga

Skilgreint meginmarkmið fyrir málaflokk 08.10 Framlög til sveitarfélaga með fjárlögum fyrir árið 2017 er samkvæmt meginstefnu íslenskra stjórnvalda um að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að

sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Meginmarkmið varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er einföldun regluverks, þróun útgjaldamælinga í því skyni að bæta jöfnunaráhrif framlaga sjóðsins og fá betri yfirsýn yfir starfsemi hans.

### Stöðumat markmiða fyrir málaflokk 08.10

Í október 2017 gaf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið út skýrslu um stöðu og framtíð íslenskra sveitarfélaga þar sem settar eru fram leiðir og tækifæri til að efla sveitarstjórnarstigið. Í skýrslunni segir m.a. að fækka þurfi sveitarfélögum og skilgreina verkefni sem sveitarfélag verði að geta sinnt eitt og óstutt. Skýrslan er mikilvægt plagg sem mun nýtast við stefnumótun í samræmi við áherslur ríkisstjórnarinnar um að efla byggð í landinu og efla sveitarfélög og þannig jafna lífskjör allra landsmanna.

Þá skilaði nefnd um endurskoðun á jöfnunarframlögum Jöfnunarsjóðs jafnframt skýrslu um tillögur sínar í október

2017. Markmið með endurskoðun er m.a. að einfalda regluverk, auka gæði jöfnunar, markvissari jöfnun og auka gegnsæi um forsendur úthlutunar. Lagðar voru til tvær megingtillögur sem eru annars vegar breytingar á núverandi kerfi og hins vegar nýtt líkan sem er hugsað sem grunnur að framtíðar-jöfnunarframlagi sjóðsins. Unnið hefur verið með tillögur nefndarinnar og heldur sú vinna áfram á árinu 2018.

#### Árangursmælingar markmiða

Ekki voru skilgreindir mælikvarðar fyrir málaflokk 08.10 Framlög til sveitarfélaga með fjárlögum fyrir árið 2017.

## 08.20 Byggðamál

Í fjárlögum fyrir árið 2017 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 08.20 Byggðamál. Markmiðin miða að því að efla byggðapróun innan hvers landshluta og jafna þannig tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðamála um land allt. Sérstök áhersla var lögð á að hlúa að svæðum sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

Markmiðin voru:

**1. Efla sjálfbæra þróun byggðarlaga um allt land.**

**2. Aukinn verði stuðningur við svæði þar sem verið hefur langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.**

**3. Framboð olíuvara um land allt verði tryggt allt árið með sérstöku tilliti til öryggis íbúa í dreifbýli (sjúkraflutningar og björgunarsveitir) og vaxandi ferðamannafjölda um land allt.**

## Stöðumat markmiða fyrir málaflokk 08.20

Árið 2017 fluttust byggðamál frá atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneyti til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.

Ötullega var unnið að markmiðinu um að efla sjálfbæra þróun byggðarlaga um allt land. Unnið var áfram við undirbúning nýrrar byggðáætlunar sem hófst árið 2016 og lauk því verkefni með samþykkt stefnumótandi byggðáætlunar fyrir árin 2018-2024 á Alþingi í júní 2018. Vinna við Byggðáætlunin byggist á víðtæku, opnu og vel heppnuðu samráðsferli allra ráðuneyta, Byggðastofnunar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtaka sveitarfélaga og fleiri aðila. Byggðáætluninni er ætlað að stuðla að jákvæðri þróun byggða og að efla samkeppnishæfni þeirra sem og landsins alls. Er það meðal forgangsverkefna ráðuneytisins að tryggja skilvirka og árangursríka framkvæmd hennar. Þá var sóknaráætlanaverkefninu haldið áfram af fullum krafti. Gerðir voru nokkrir viðaukasamningar við einstök sóknaráætlunarsvæði sem ætlað var að stuðla að því að ná fram markmiði 2 um aukinn stuðning við svæði þar sem verið hefur langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

Viðaukasamningarnir kveða m.a. á um sérstök framlög til ferðaþjónustu og eflingar samgangna, en dæmi um verkefni eru uppbygging hitaveitu á Hólmavík, stuðningur við áætlunarflug í tilraunaskyni milli Reykjavíkur og Sauðárkróks og uppbygging Vínlandsseturs í Leifsbúð í Búðardal. Viðaukasamningarnir styrkja viðkomandi sóknaráætlanir enn frekar og treysta þannig byggð á svæðunum sem hafa átt undir högg að sækja vegna fækkunar íbúa og samdráttar í atvinnulífi.

Stór áfangi náðist í markmiðinu um aukinn stuðning við svæði þar sem verið hefur langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf þegar tveimur verkefnum lauk í verkefninu Brothættar byggðir en viðmiðið hafði verið eitt. Lagt er upp með að ná mælanlegum árangri skv. árangursmælikvörðum hvers verkefnis og að viðsnúningur verði sýnilegur. Í árslok 2017 voru sex verkefni í gangi. Auk þess var búið að samþykka tvö ný verkefni fyrir árið 2018. Mælanlegur árangur þeirra sem lengst hafa tekið þátt sést m.a. af því að langvarandi fólksfækkun hefur stöðvast.

## Markmið 1: Efla sjálfbæra þróun byggðarlaga um allt land

Mælikvarðar	Raun 2015	Viðmið 2017	Árangur 2017
Nýtingarhlutfall fjárheimildar til sóknaráætlana.	17,8% af fjárheimild til sóknaráætlana óráðstafað.	Úthlutun til áhersluverkefna og úr uppbyggingarsjóðum sóknaráætlana er yfir 90%.	93,8% af heildarframlagi til sóknaráætlana árið 2017 var ráðstafað í árslok. <sup>2</sup>

### Aðgerðir sem styðja við markmið 1

### Staða í árslok - 5 bíla kvarði

1. Móta **verklagsreglur** fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál. Búið að móta verklagsreglur og þær komnar til framkvæmda.

Aðgerð hafin

2. Krafa gerð um **ráðstöfunarhlutfall fjárheimilda sóknaráætlana** út samningstímabilið 2015-2019.

Aðgerðahluti kominn vel á veg

3. Vinna við mótnun nýrrar **Byggðaáætlunar** 2017-2023. Ný byggðaáætlun 2017-2023 verði lögð fram árið 2017.

Aðgerð lokið

### Nánar um aðgerðir sem styðja við markmið 1

1. Byrjað var á þessu verkefni áður en byggðamál voru færð frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti yfir til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Verkefninu er ekki lokið. Nýr stýrihópur tók til starfa í júní 2018 og verður þetta meðal verkefna hans.

2. Sveitarfélög höfðu við árslok 2017 ráðstafað 93,8% af heildarframlagi til sóknaráætlana árið 2017 en með auknu samráði og eftirfylgni jókst nýting fjárheimilda til verkefnisins til muna. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál leggur áherslu á að landshlutarnir ráðstafi öllu fjármagni innan hvers árs.

3. Vinna við mótnun nýrrar byggðaáætlunar hófst árið 2016. Tillaga að stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 var samþykkt á Alþingi í júní 2018.

<sup>2</sup>Bráðabirgðatölur. Endanlegar tölur liggja fyrir haustið 2018.

## Markmið 2: Aukinn stuðningur við svæði þar sem verið hefur langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf

Mælikvarðar	Raun 2015	Viðmið 2017	Árangur 2017
Fjöldi lokinna verkefna sem fá stuðning í verkefninu Brothættar byggðir og árangursmælikvarðar hvers verkefnis	0	Einu verkefni lokið. Tekist hefur að styrkja þær byggðir sem taka þátt í verkefninu. Mælanlegur árangur hefur náðst skv. árangursmælikvörðum hvers verkefnis og viðsnúningur sýnilegur	Tveimur verkefnum er lokið. Við árslok voru sex verkefni í gangi

### Aðgerðir sem styðja við markmið 2

1. Endurnýja samning við Byggðastofnun um framkvæmd verkefnisins Brothættar byggðir í samræmi við nýja byggðaáætlun 2017-2023.

### Staða í árslok - 5 bila kvarði

Aðgerð lokið

### Nánar um aðgerðir sem styðja við markmið 2

1. Verkefninu Brothættar byggðir hefur verið fram haldið. Vorið 2018 voru átta byggðarlög þátttakendur í verkefninu (Hrísey, Grímsey, Öxarfjarðarhérað, Breiðdalshreppur, Skaftárhreppur, Árneshreppur, Borgarfjörður eystri og Þingeyri). Tvö byggðarlög hafa lokið þátttöku (Bíldudalur 2016 og Raufarhöfn 2017). Eftirspurn er mikil, en átta önnur byggðarlög hafa óskað eftir þátttöku.

### Markmið 3: Framboð olíuvara um land allt verði tryggt allt árið með sérstöku tilliti til öryggis íbúa í dreifbýli (sjúkraflutningar og björgunarsveitir) og vaxandi ferðamannafjölda um land allt

Mælikvarðar	Raun 2015	Viðmið 2017	Árangur 2017
Unnið var að mælikvarða	Framboði olíuvara og þjónustu við landsbyggðina hefur hrakað	Starfshópur myndaður sem vinnur að stöðumati á framboði og þjónustu og vinnur út frá þeim niðurstöðum að endurskoðun laga	Stjórn flutningsjöfnunar-sjóðs olíuvara hefur þetta til skoðunar

#### Aðgerðir sem styðja við markmið 3

1. Mynda starfshóp sem vinnur að endurskoðun laga nr. 103/1994, jöfnun á flutningskostnaði olíuvara. Starfshópur myndaður árið 2017. Drög að frumvarpi lögð fram 2017.

#### Staða í árslok - 5 bila kvarði

Undirbúningur hafinn

#### Nánar um aðgerðir sem styðja við markmið 3

1. Stjórn flutningsjöfnunar-sjóðs olíuvara hefur þetta til skoðunar.

## 11.10 Samgöngur

Í fjárlögum fyrir árið 2017 voru skilgreind fimm lögbundin markmið fyrir málaflokk 11.10 Samgöngur. Eftirfarandi markmið málaflokksins eru einnig lögbundin markmið samgönguáætlunar og miða öll að því að samgöngur séu:

1. Öruggar.
2. Greiðar.
3. Hagkvæmar.
4. Umhverfislega sjálfbærar.
5. Stuðli að jákvæðri byggðáþróun.

### Stöðumat markmiða fyrir málaflokk 11.10

Notendum samgöngukerfisins fjölgaði mikið á árinu. Ferðamönnum hélt áfram að fjölga og innflytjendum og farandverkafólki fjölgaði samhliða auknum hagvexti. Mikil umferðaraukning varð á vegum milli árána 2016 og 2017 eða um 16%. Aukningin dreifðist ekki jafnt og var mest á höfuðborgarsvæðinu, Suðvestur- og Suðurlandi.

Flug til og frá landinu jókst einnig mikið og alls voru 27 flugfélög í áætlanaflogi til landsins sumarið 2017. Farþegum fjölgaði að sama skapi og fóru alls um 8,7 milljónir farþega um Keflavíkurlugvöll á árinu, þar af voru ferðamenn sem heimsóttu landið um 2,35 milljónir að farþegum skemmtiferðaskipa meðtöldum.

Góður árangur náðist á sjó og í flugi á árinu í tengslum við markmiðið um öruggar samgöngur. Ekkert banaslys varð á sjó og tilkynningum um atvik fækkaði. Í flugi fjölgaði tilkynntum atvikum verulega en fæst reyndust alvarleg og engin banaslys urðu. Því miður náðist ekki sá árangur sem stefnt var að, að fækka alvarlegum slysum í umferðinni um 5% miðað við 5 ára meðaltal og létust 16 í umferðinni.

Stór verkefni voru í vinnslu á árinu sem styðja við framgang markmiðsins um greiðar samgöngur. Fjármunum var forgangsraðað til viðhalds enda mikil uppsöfnuð þörf. Af stærri framkvæmdum má nefna að lokið var við Norðfjarðargöng, hafin var vinna við Dýrafjarðargöng og smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju. Tekin voru í notkun ný mislæg gatnamót á Reykjanesbraut, sunnan Hafnarfjarðar og áfram var unnið að Dettifossvegi.

Auknar kröfur eru til vetrarþjónustu samfara aukinni vinnusókn í sveitum, búsetubreytingum og mikilli fjölgun ferðamanna allt árið. Þjónusta allan sólarhringinn er einungis á suðvesturhorni landsins. Lokanir á vegum eru háðar tíðarfari en dæmi um áhrifavalda í því skyni er mikil snjókomu á Norðausturlandi í nóvember sem lokaði hringvegi að mestu í nokkra daga og ofsaveður í maí sem lokaði veginum um sandana á Suðausturlandi. Á suðvesturhorninu var Hellisheiði samtals lokað í alls 27 klst. á 4 dögum.

Stórum áfanga var náð í markmiðunum um hagkvæmar samgöngur hvað varðar rafræna stjórnsýslu og sjálfsafgreiðslu þegar bættist við ökutækjaskrá svokallað forskráningarkerfi, sem gerir innflytjendum ökutækja kleift að annast skráningu ökutækja sjálfir í ökutækjaskrá. Þá hófst undirbúningur þess að gera fjármögnunarfyrirtækjum kleift að framkvæma sjálf eigendaskipti ökutækja. Þetta flýtir fyrir allri skráningu og eykur hagræði.

Undir markmiðunum um umhverfislega sjálfbærar samgöngur og jákvæða byggðáþróun var m.a. áfram unnið að lagningu göngu- og hjólastíga í samstarfi við sveitarfélög og fjölgar stöðugt þeim sem nýta sér hjól sem farkost í þéttbýli. Stuðningur við almenningssamgöngur á landsbyggðinni var aukinn til að styrkja vinnusóknarsvæði og stuðla að því að mögulegt væri að nýta almenningssamgöngur allan hringinn í kringum landið. Þá ber þess að geta að ný Vestmannaeyjaferja verður rafknúin.



## Markmið 1: Öruggar samgöngur

Mælikvarðar	Raun 2015	Viðmið 2017	Árangur 2017
Banaslys og alvarleg slys í umferð. Miðað við 100 þús. íbúa	16/178 4,9/54	Mælikvarða breytt	16/189 4,7/56 <sup>3</sup>
Skráð flugslys og alvarleg flugatvik <sup>4</sup>	6/12	3/12	2/17
Tilkynnt banaslys, önnur slys og atvik á sjó	1/ 129	0/118	0/136

Aðgerðir sem styðja við markmið 1	Staða í árslok – 5 bila kvarði
1. Aukin fræðsla og áróður til vegfarenda; innlendra og erlendra ökumanna, hjólréiðamanna og gangandi, sjófarenda og flugfólks. Tímabil 2017-2018.	Aðgerð lokið
2. Sjálfvirkt öryggisefirlit aukið; eftirlit með meðalhraðamyndavélum undirbúið. Tímabil 2017-2018.	Aðgerð hafin
3. Efling umferðaröryggisáætlunar. Tímabil 2017.	Aðgerð lokið
4. Efla slysaskráningu sjóslysa. Tímabil 2017-2018.	Aðgerð ekki hafin

### Nánar um aðgerðir sem styðja við markmið 1

1. Unnið var markvisst með fræðslu og áróður vegna umferðaröryggismála á árinu, en fjárveiting til umferðaröryggisáætlunar nam 75 m.kr á árinu. Unnið með margvíslegum hætti gegn snjalltækjanotkun undir stýri. Til að vekja athygli á mikilvægi þess að vera sýnilegur í umferðinni og hinum ýmsu hættum í umferðinni var framleitt barnaefni en einnig efni fyrir erlenda ferðamenn. Að auki var unnið fræðsluefni um öryggi um borð í skipum, þ.m.t. myndböndum, og rannsóknar- og þróunarverkefni öryggismála á sjó voru styrkt.

2. Unnið er að því að lögregla taki við umsjón með kaupum, rekstri og uppsetningu hraðaeftirlitsmyndavéla sem hefur um skeið verið í umsjá Vegagerðarinnar. Vegagerðin og lögreglustjórnin á Vesturlandi hafa unnið saman að undirbúningi á endurnýjun og kaupum á nýjum vélum með greiningu á stöðu og þörf. Unnar hafa verið skýrslur þar sem m.a. eru lagðir til staðir þar sem alvarleg slys eru tíð fyrir sjálfvirkt meðalhraðaeftirlit.

3. Sjá aðgerð 1, Samgöngustofa fékk aukið fjármagn til að sinna aðgerðum í umferðaröryggisáætlun. Þessi aðgerð styður einnig við markmið 2.

4. Verkefnið hófst ekki fyrr en á árinu 2018.

<sup>3</sup>Staðan 2017 fyrir öryggismælikvarða í umferð, flugi og siglingum er meðaltal áranna 2013-2017.

<sup>4</sup>Mælikvarða breytt. Nú byggist kvarðinn á flugslysum og alvarlegum flugatvikum / á hverjar 100 þús. flugstundir.

## Markmið 2: Greiðar samgöngur

Mælikvarðar	Raun 2015	Viðmið 2017	Árangur 2017
Bundið slitlag á tengivegi með nægilegt burðarþol (km)	5.488	5.700	5.647
Þjónusta <sup>5</sup> ; Lokanir á Hringvegi m.v. þjónustustig Hellisheiði; Dagar/klst. Opnunarhlutfall NA-land - Mývatns- og Möðrudalsöræfi		7/24 99,5% 7/10 98%	99,69%/4 dagar 98,63%/10 dagar <sup>6</sup>

### Aðgerðir sem styðja við markmið 2

Staða í árslok - 5 bila kvarði

1. Bundið slitlag á tengivegi með nægilegt burðarþol í samræmi við fjárheimild.

Aðgerð lokið

### Nánar um aðgerðir sem styðja við markmið 2

1. Bundið slitlag var sett á 50 km af tengivegum og 24 km á aðra vegi. Lagt hefur verið bundið slitlag eftir því sem fjárveitingar leyfa eftir forgangsröðun til viðhalds og viðhaldsþörf hefur vaxið hratt samhliða auknum þungaflutningum á vegum (hópfærðabilum). Þessi aðgerð styður einnig við markmið 3, 4 og 5.

## Markmið 3: Hagkvæmar samgöngur

Mælikvarðar	Raun 2015	Viðmið 2017	Árangur 2017
Rafræn stjórnslá, sjálfsafgreiðsla	Unnið að greiningu	20%	20%

### Aðgerðir sem styðja við markmið 3

Staða í árslok - 5 bila kvarði

1. Rafræn stjórnslá; sjálfsafgreiðsla umsókna. Tímabil 2017-2019.

Aðgerð komin vel á veg

### Nánar um aðgerðir sem styðja við markmið 3

1. Að meðtöldu því sem talið var upp í stöðumati markmiða að ofan var einnig unnið að nýju kerfi til að sannreyna rafræn upprunavottorð ökutækja, svokölluð eCoC-vottorð. Þegar það kerfi verður tilbúið þá verður hægt að skrá gerðarviðurkennd ökutæki sjálfvirk með rafrænum hætti frá beiðni til nýskráningar. Mun það stytta skráningartíma ökutækja umtalsvert ásamt því að auka gæði skráninga.

<sup>5</sup> Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar er skilgreind sem fjöldi vikudaga sem er þjónustað og fjöldi klukkustunda innan sólarhrings. Þannig merkir 7/24 að vegur er þjónustaður alla daga, allan sólarhringinn.

<sup>6</sup> Hlutfall yfir árið sem vegur var opin og fjöldi daga sem vegi var lokað alveg eða hluta úr degi.

## Markmið 4: Umhverfislega sjálfbærar samgöngur

Mælikvarðar	Raun 2015	Viðmið 2017	Árangur 2017
Hlutfall almenningssamgangna í fjölda ferða innan höfuðborgarsvæðis	4%	4%	4%
Fjöldi innstiga í Strætó á höfuðborgarsvæði <sup>7</sup>	1.128.545	1.400.000	1.173.720

### Aðgerðir sem styðja við markmið 4

Staða í árslok - 5 bila kvarði

1. Smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju. Tímabil 2017-2018.

Aðgerðahluta lokið

### Nánar um aðgerðir sem styðja við markmið 4

1. Verkframingvinda á smíði Vestmannaeyjaferju tafðist á árinu vegna breytinga á hönnun. Aðgerðin styður einnig við markmið 1, 2, 3 og 5.

## Markmið 5: Samgöngur stuðla að jákvæðri byggðapróun

Mælikvarðar	Raun 2015	Viðmið 2017	Árangur 2017
Flutningaleiðir án fullnægjandi burðarþols (km)	Unnið að greiningu		Við nánari rýni var mælikvarða breytt. Sjá fjármálaáætlun 2019-2023

### Aðgerðir sem styðja við markmið 5

Staða í árslok - 5 bila kvarði

1. Undirbúningur að gerð Dýrafjarðarganga. Tímabil 2017.

Aðgerð lokið

### Nánar um aðgerðir sem styðja við markmið 5

1. Framvinda við gerð Dýrafjarðarganga var góð. Undirbúningur fólst m.a. í gerð hafnaraðstöðu til að tryggja aðkomu að vetrarlagi, uppsetningu vinnubúða sem og ítarlegri rannsóknunum. Fyrsta sprenging var svo 14. september og hefur allt gengið að óskum frá þeim tíma. Verkframingvinda er samkvæmt áætlun. Aðgerðin styður einnig við markmið 1 og 2.

<sup>7</sup> Talningakerfi Strætós bs var breytt á árinu 2017 sem kann að skýra árangur að hluta til.

## 11.20 Fjarskipti og póstmál

Í fjárlögum fyrir árið 2017 voru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokk 11.20 Fjarskipti og póstmál. Eftirfarandi markmið málaflokksins eru lögbundin, en megináhersla sneri að aðgengilegum og greiðum fjarskiptum, þ.e. útbreiðslu- hlutfalli og gagnaflutningshraða.

### 1. Aðgengileg og greið.

Að tryggja hagkvæm, örugg og áreiðanleg fjarskipti hér á landi og efla virka samkeppni á fjarskiptamarkaði.

### 2. Hagkvæm og skilvirk.

Að vinna að hagkvæmri uppbyggingu fastlínukerfa á landsvísu, og útbreiðslu háhraðafarnets, á svæðum þar sem er markaðsbrestur.

### 3. Áreiðanleg og umhverfisvæn til eflingar búsetugæða og atvinnulífs um land allt.

Að tryggja hagkvæma, virka og áreiðanlega póstpjónustu um land allt, m.a. með því að tryggja notendum aðgang að alþjónustu eins og hún er skilgreind á hverjum tíma og með því að efla samkeppni á markaði fyrir póstpjónustu.

## Stöðumat markmiða fyrir málaflokk 11.20

Töluvert hefur náðst fram af markmiðum í fjarskiptum. Lands- átakið Ísland ljóstengt hefur gengið samkvæmt áætlun og leitt af sér fjölgun staðbundinna ljósleiðarakerfa. Fjarskiptasjóður hafði í árslok 2017 samið um úthlutun styrkja vegna ljósleiðara- tengingar um 4.000 staða af um 5.500 stöðum sem eru undir í verkefninu sem lýkur árið 2021. Aukin útbreiðsla og

hraði farnets kemur að hluta til vegna krafna um slíkt í tíðni- heimildum. Þá hefur farsæl uppbygging fjarskiptainniða um áratugaskeið, með markmið fjarskipta að leiðarljósi, skilað þeim árangri að Ísland komst í 1. sæti á heimsvísu í fjarskiptum á mælikvarða Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU) árið 2017.

## Markmið 1: Aðgengileg og greið

Mælikvarðar	Raun 2015	Viðmið 2017	Árangur 2017
Virk samkeppni á öllum samkeppnismörkuðum	Já	Já	Já
Verð á fjarskiptaþjónustu í lægsta flokki innan OECD	Markmið náðist nema fyrir gagnaflutning	Markmið næst nema fyrir gagnaflutning	Markmið náðist nema fyrir gagnaflutning
Tengingar við landið séu öruggar og rekstur tenginga sjálfbær 2019	Öruggar, ekki sjálfbærar	Öruggar, ekki sjálfbærar	100% áreiðanlegar, ekki sjálfbærar

### Aðgerðir sem styðja við markmið 1

Staða í árslok - 5 bila kvarði

- Öryggisúttekt á radiófjarskiptastöðvum í nágrenni eldstöðva á Suðurlandi 2017.

Aðgerð lokið

### Nánar um aðgerðir sem styðja við markmið 1

1. Úttekt var gerð á afmörkuðu rýmingarsvæði Kötlu. Landsvæðið inniheldur fjarskiptahýsingar sem hýsa farnetskerfi í eigu fjarskiptafélaga en einnig hýsingar fyrir Tetra-kerfi. Markmið úttektarinnar var einkum tvíþætt. Annars vegar að gera prófun og úttekt á þeim öryggisráðstöfunum sem fyrir hendi eru í dag á einhverju afmörkuðu svæði og hins vegar að kortleggja og samræma skráningu á öryggisráðstöfunum með þeim hætti að upplýsingarnar geti nýst viðeigandi stjórnvöldum til að samræma aðgerðir í þeim tilgangi að viðhalda fjarskiptum í tilviki náttúruhamfara eða annarra atvika sem ógnað geta heildstæði neta.

## Markmið 2: Hagkvæm og skilvirk

Mælikvarðar	Raun 2015	Viðmið 2017	Árangur 2017
Hlutfall heimila og atvinnuhúsnæðis með aðgang að 30 Mb/s fastlínutengingu	92%	95%	93%
Hlutfall heimila og atvinnuhúsnæðis með aðgang að 100 Mb/s fastlínutengingu	80%	90%	88%
Hlutfall heimila og atvinnuhúsnæðis með aðgang að ljósleiðaratengingu	56%	70%	75%

### Aðgerðir sem styðja við markmið 2

Staða í árslok - 5 bíla kvarði

1. Ísland ljóstengt - landsátak í uppbyggingu fjarskiptainviða utan markaðssvæða. Ríkið styrkir ljósleiðaravæðingu sveitarfélaga með fjárveitingum í gegnum fjarskiptasjóð. Tímabil 2016-2021.

Aðgerðahluta lokið

### Nánar um aðgerðir sem styðja við markmið 2

1. Landsátakið Ísland ljóstengt hófst árið 2016 og hefur gengið samkvæmt áætlun. Fjarskiptasjóður samdi í upphafi árs 2017 við 24 sveitarfélög um 450 m.kr. styrki til ljósleiðaratengingar um 1.400 staða utan markaðssvæða í dreifbýli. Undirbúningur samsvarandi styrkúthlutunar vegna 2018 hófst haustið 2017. Fjarskiptasjóður samdi í mars 2018 við 24 sveitarfélög um 1.050 tengingar til viðbótar. Eftir er að semja um 1.500 staði vegna 2019, 2020 og 2021 en framkvæmd hvers samnings tekur að jafnaði eitt til tvö ár. Hafa ber í huga að sveitarfélögum ber ekki skylda til að taka þátt í verkefninu. Þættir á borð við leyfismál, samninga við verktaka, veðurfar, samlegð með öðrum jarðfrankvæmdum o.fl. hafa áhrif á framkvæmdir.

## Markmið 3: Áreiðanleg og umhverfisvæn

Mælikvarðar	Raun 2015	Viðmið 2017	Árangur 2017
Einkaréttur verði afnuminn og stuðlað að samkeppni á póstmarkaði	Nýtt póstrumvarp í undirbúningi	Einkaréttur afnuminn	Póstrumvarp í vinnslu
Alþjónusta sé tryggð öllum landsmönnum í kjölfar markaðskonunnar; a) á markaðslegum forsendum b) með útboði eða útnefningu	Alþjónusta tryggð á grundvelli útnefningar Íslandspósts	Alþjónusta tryggð á grundvelli útnefningar Íslandspósts	Alþjónusta tryggð á grundvelli útnefningar Íslandspósts

### Aðgerðir sem styðja við markmið 3

Staða í árslok - 5 bíla kvarði

1. Afnáam einkaréttar á póstmarkaðinum með opnun markaðarins og tryggingu á alþjónustu. Tímabil 2016-2018.

Aðgerð hafin

### Nánar um aðgerðir sem styðja við markmið 3

1. Ráðuneytið vann að undirbúningi lagafrumvarps um afnáam einkaréttar á póstmarkaði á árinu. Frumvarpsdrög voru sett á netið í almennt samráð og bárust ýmsar athugasemdir. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipaði sumarið 2017 verkefnisnefnd sem hafði það verkefni að fjalla um tiltekin álitamál. Nefndi skilaði skýrslu í október sama ár. Undir árslok 2017 var ljóst að frumvarpið yrði lagt fram.

## 4.2 Yfirlit um ráðstöfun varasjóða

Tafla 2 Yfirlit um ráðstöfun varasjóða


Ráðstöfun varasjóðs á árinu 2017	Upphæð í m.kr.
<b>10.4 Stjórnsýsla innanríkismála (06.998.125)</b>	
Staða varasjóðs í upphafi árs	13.400.000
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>13.400.000</b>
<b>11.1 Samgöngur (06.998.130)</b>	
Staða varasjóðs í upphafi árs	112.000.000
06.659 Rannsóknarnefnd samgönguslysa	15.000.000
06.672 Flugvellir og flugleiðsögubjónusta	90.000.000
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>7.000.000</b>

Ráðstafað var 105 m.kr. úr varasjóði málaflokks 11.1 samgöngur. Annars vegar 15 m.kr. framlag til Rannsóknarnefndar samgönguslysa vegna umtalsverðs og ófyrirséðs og kostnaðar í tengslum við rannsókn á skipinu Jóni Hákonni BA sem fórst út af Aðalvík á Vestfjörðum. Hins vegar var 90 m.kr. ráðstafað vegna aðkallandi viðhaldsaðgerða á flugvöllum á Ísafirði og Egilsstöðum.

## 4.3 Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Mynd 2: Frávik ríkisaðila og verkefna og árslokastaða 2017

### Uppsöfnuð frávik/áætluð árslokastaða ríkisaðila og verkefna



Á mynd 2 er yfirlit um árslokastöðu fjárveitinga hjá einstökum ríkisaðilum og verkefnaáætluðum. Um er að ræða rekstrarniðurstöðu ársins að viðbættum yfirfærðum höfuðstól frá árinu 2016. Eins og fram kom fyrir í þessari skýrslu liggur ríkisreikningur fyrir árið 2017 ekki fyrir og er því um bráðabirgðatölur að ræða. Niðurstaðan bendir þó til þess að flestir fjárlagaliðir sem heyra undir ráðuneytið hafi verið með jákvæðan höfuðstól um síðustu áramót, þ.e. ónýttar fjárveitingar. Sýnu mest er frávik hjá Vegagerðinni eins og sjá má á myndinni, en ónýttar fjárveitingar námu um 1,9 ma.kr. í lok ársins 2017. Verkefni Vegagerðarinnar skiptast í sex megin svið, þ.e. almennan rekstur, þjónustu, almennings-samgöngur, framkvæmdir á vegakerfinu, framkvæmdir við vita og hafnir og rekstur Vestmannaeyjaferju. Í lok síðasta árs var

jákvæð staða á framkvæmdaliðum vegagerðarinnar að fjárhæð um 2,7 ma.kr., en um er að ræða skuldbundin útgjöld sem greidd eru út í samræmi við verkframvindu. Uppsafnaður halli var hins vegar á þjónustulið stofnunarinnar að fjárhæð um 254 m.kr. og í almennings-samgöngum um 458 m.kr. Fyrirnefnda hallann má rekja til umframkostnaðar vegna snjóþungs vetrar, en liðurinn er einungis fjármagnaður miðað við meðalþungan vetur í snjómokstri. Síðari hallinn á sér sögu allt aftur til ársins 2010 þegar framkvæmdir stóðu yfir við Landeyjarhöfn. Auk þess voru framlög ríkissjóðs lengst af ekki verðbætt þótt samningar Vegagerðarinnar væru verðbættir. Um er að ræða ófyrirséð og óvænt útgjöld sem mæta hefði þurft á fjárukalögum.